

Leikrit byggt á kvæði Jóhannesar úr Kötlum

JÓLASVEINARNIR

Höfundur: Sigrún Björk Cortes



Sviðið er tvískipt

Annars vegar er **barnaherbergi** með rúmi, ruggustól, hillum, náttborði, lampa á náttborðinu sem kveikt er á, böngsum, dúkkum og bílum. Kveikt er á aðventuljósi á hillunni, útvarp spilar jólalög, fyrst hátt á meðan áhorfendur koma sér fyrir, síðan mjög lágt (má slökkva ef þarf).

Hins vegar er **hellir**; heimkynni jólasveinanna. Þar er gluggi, hurð, grófgerð sæti, pottar, pönnur, bjúgu, kerti og allt það sem jólasveinarnir eru þekktir fyrir. Allt er í drasli. Fimmtán manns, þ.e. jólasveinarnir, Grýla og Leppalúði þurfa að komast fyrir í hellinum.

Að auki eru **upplesarar til hliðar við sviðið**, við borð með lampa á.

Leikritið byrjar í barnaherberginu og flyst á milli þess og hellis jólasveinanna reglulega með hjálp ljóskastara. Á þeim hluta sviðsins sem ljósið er slökkt hverju sinni eru leikararnir „frosnir“ þar til ljósið er á þeim aftur. Þegar upplesarar eru að lesa upp á milli þess sem jólasveinarnir koma á sviðið þarf hreyfing í hellinum að vera í lágmarki og algjör þögn að ríkja þar.

Persónur (20 +)

Amma

Afi

Stelpa

Strákur

Grýla

Leppalúði

Stekkjastaur

Giljagaur

Stúfur

Þvörusleikir

Pottaskefill

Askasleikir

Hurðaskellir

Skyrjarmur

Bjúgnakrækir

Gluggagægir

Gáttaþefur

Ketkrókur

Kertasníkir

Upplesari (1 eða fleiri)

1. Þáttur – í barnaherberginu

Ljósíð er yfir barnaherberginu, slökkt í hellinum. Amma og afi eru að koma barnabörn-unum í háttinn, ganga frá fötum og taka til í herberginu. Börnin eru komin upp í rúm og sitja þar við höfðagaflinn, búin að breiða sæng yfir sig.

Strákurinn:

Amma, viltu lesa fyrir okkur?

Stelpan:

Já, geeerðu það. Hérna er bók! (*Réttir fram Sýrpu.*)

Afi:

Má ég sjá þetta aðeins væna mín. Hvað er þetta eiginlega? (*Blaðar í bókinni og fussar og sveiar.*) Jahérna, þetta er nú meiri vitleysan. Það sem krökkum er boðið upp á nú til dags!

Amma:

Hva, voðalega ertu neikvæður! Láttu ekki svona maður! Þegar við vorum krakkar þá voru nú bara næstum ekki til neinar bækur sérstaklega fyrir börn. (*Tekur bókina af afanum.*) Nei, mik-ið er þetta skemmtilegt! (*Hlær dátt og fær sér sæti eins og hún ætli að fara að lesa Sýrpuna fyrir sjálfa sig en afinn tekur af henni bókina og setur hana í hilluna. Börnin horfa á þetta, undrandi á svipinn.*)

Afi:

Hvurslags er þetta kelling! Finnst þér þessi vitleysa skemmtileg! Óttalegur krakki geturðu verið. Ætlarðu aldrei að fullorðnast, næstum áttæð? Og svo var sko öldungis nóg til af sögum og ljóðum fyrir börn í gamla daga. Hvað til dæmis með allar sögurnar af Grýlu og Leppalúða?

Amma:

Uss! Þú hræðir börnin með þessu! (*Snýr sér að börnunum og talar blíðlega til þeirra.*) Þið vitið að Grýla er löngu dauð, börnin góð. Þið þurfið ekkert að vera hrædd við hana.

Stelpan:

(*Skelfd á svip, með skjálfandi rödd.*) En Leppalúði? Er hann lifandi? Ég er hrædd!

Strákurinn:

Nei, voðalega ertu vitlaus. Hann drapst líka. Veistu ekkert? Hann saknaði Grýlu svo mikið að hann bara dó.

(*Stelpan ullar á bróður sinn sem ullar á móti.*)

Afi:

Já, þau eru steindauð bæði og jólakötturinn er löngu hættur að éta börn! Enda eru krakkar nú til dags alltaf að fá ný föt (*hlær dátt*). En jólasveinarnir, þeir eru sko enn þá sprellifandi!

Stelpan:

En þeir eru samt bara góðir, ha?

Strákurinn:

Já, þeir gefa manni í skóinn og allt. Þeir eru sko ótrúlega góðir!

Stelpan:

(*Háðslega, við bróður sinn.*) Já, alveg rétt! Þú fékkst meira að segja úldna kartöflu einu sinni í fyrra. Það var nú góður jólasveinn ekki satt?

Amma:

(*Lítur ströng á strákinn.*) Ja, eitthvað hefurðu nú verið óþekkur þann daginn, góði minn! En þeir eru góðir núna, það er alveg rétt, og gefa börnum margt skemmtilegt í skóinn ef þau eru þæg. En hérna í eldgamladaga þá ...

Afi:

(*Grípur fram í fyrir ömmu og er svolítið ógnvekjandi, með vísifingur á lofti.*) ... já, þá ... þá voru þeir nú bara hrekkjusvín og leiðindapúkar! Ég man vel eftir því.

(*Stelpan og strákurinn hrökkva í kút, æpa og breiða sængina alveg yfir höfuð. Kíkja svo undan henni aftur þegar amma byrjar að tala aftur.*)

Amma:

(*Hneyksluð*) Hættu þessu kall! Hugsa sér, að hafa gaman af því að hræða sín eigin barnabörn. Þú ert kannski bara einn af þessum jólasveinum sjálfur, algjört hrekkjusvín? (*Afinn hristist af hlátri.*) Nei, nú skulum við bara segja þeim söguna af jólasveinunum og ekkert vera að reyna að hræða þau, heyrirðu það!

Afi:

Já, gerum það. En þið skuluð athuga það börnin góð að jólasveinarnir voru ekkert vondir. Þeir voru bara stríðnir og dálítið hrekkjóttrir en þeir gerðu engum mein.

Stelpan og strákurinn:

Já, allt í lagi.

Strákurinn:

Jæja, byrjiði þá. (*Systkinin koma sér vel fyrir undir sænginni.*)

(*Afi og amma fá sér sæti, annað í ruggustólnum, hitt á rúmstokknum, ljósið yfir barnaherberginu slokknar, fyrir utan lampann og aðventuljósið, og sviðsljósið færir yfir í hellinn.*)

Amma:

Jæja, hlustiði nú vel börnin góð ...

2. Þáttur – í hellinum

Ljosið slokknar yfir barnaherberginu (enn er kveikt á lampa og aðventuljósi þar) og færist yfir á hellinn. Grýla og Leppalúði sitja í hellinum með fýlusvip. Allt er á rúi og stúi. Jólasveinarnir koma tveir og tveir saman (Kertasníkir kemur einn) inn í gegnum salinn og hverfa úr sjónmáli bak við sviðið eða til hliðar við hellinn á meðan hver vísa er lesin upp, nema vísan um Grýlu og Leppalúða. Þegar hún er lesin og atriðið þar á eftir fer fram, þá er athyglin á þeim skötuhjúum.

Jólasveinarnir koma svo inn í hellinn eftir því sem vísurnar um þá eru lesnar upp.

Upplstur:

Segja vil ég sögu
af sveinunum þeim
sem brugðu sér hér forðum *Hér koma Stekkjastaur og Giljagaur*
á bæina heim.

Þeir upp á fjöllum sáust
– eins og margur veit,–
í langri halarófu *Hér koma Stúfur og Þvörusleikir*
á leið niður í sveit.

Grýla var þeirra móðir
og gaf þeim tröllumjól
en pabbinn Leppalúði,
– það var leiðindafólk.

(Grýla og Leppalúði togast á um eitthvað matarkyns og rífast eins og smábörn.)

Leppalúði:

Komdu með þetta kellingarálft! Ég var búinn að ná þessu!

Grýla:

Nei, þú drakkst síðustu tröllumjólkina (*lemur Leppalúða í hausinn með tómri tröllumjólkurfernu*). Ég var að geyma hana handa mér! Ég ætla að éta þetta!

Leppalúði:

Mér er alveg sama. Ég er líka miklu svangari en þú! Eða á maður að segja svengri kannski?

Grýla:

Nei! Ég er svangari! Og svengri líka bara!

Leppalúði:

Nei, ég!

Grýla:

Nei, ég!

Leppalúði:

Nei, ég!

Grýla:

Nei, ég!

(Þau detta bæði um koll og hvorugt fær matinn, hann bætist bara í draslið.)

Upplestur:

(Lesari andvarpar) Jæja, áfram með smjörið.

Þeir jólasveinar nefndust,

– um jólin birtust þeir.

Og einn og einn þeir komu, *Hér koma Pottaskefill og Askasleikir*
en aldrei tveir og tveir.

Þeir voru þrettán

þessir heiðursmenn,

sem ekki vildu ónáða

allir í senn.

Hér koma Hurðaskellir og Skyrjarmur

Að dyrunum þeir læddust

og drógu lokuna úr.

Og einna helst þeir leituðu *Hér koma Bjúgnakrækir og Gluggagægir*
í eldhús og búr.

Upplestur:

Lævísir á svipinn

þeir leyndust hér og þar,

til óknyttanna vísir,

ef enginn nærri var.

Hér koma Gáttapefur og Ketkrókur

Og eins, þó einhver sæi,

var ekki hikað við

að hrekkja fók – og trufla

þess heimilisfrið.

Hér kemur Kertasníkir



3. Þáttur – í barnaherberginu

Ljosið slokknar yfir hellinum og kviknar yfir barnaherberginu. Börnin eru búin að hjúfra sig niður í rúmið og amman heldur að þau séu sofnuð. Afinn dottar.

Amma:

Jæja, ósköp voruð þið eitthvað þreytt. Bara sofnuð greyin mín. Jæja, við klárum söguna bara á morgun. (*Snýr sér að afanum.*) Slökktu á lampanum, væni minn. Halló! Ert þú líka sofnaður? (*Afinn hrekkur upp og krakkarnir líka.*)

Afi:

Ha? Hver? Ég? Neineineinei! Ég er sko alveg glaðvakandi. (*Sperrir upp augun.*) Sjáðu bara!

Strákurinn og stelpan:

Ekki hætta með söguna, við erum alveg glaaaaðvakandi! Hvað gerist svo?

Amma:

Taktu við, afi gamli. Þú kannt framhaldið miklu betur en ég.

Afi:

Allt í lagi. Sko þetta var þannig að þrettán dögum fyrir jól þá kom alltaf fyrsti jólasveinninn. Já, og það er þannig enn í dag. Vitið þið hver hann er?

Strákurinn:

Já, var það ekki Hrekkjastaur?

Stelpan:

Eða Bekkjarstaur?

Strákurinn:

Eða Hrekkjagaur?

Afi:

Neinei! Enga vitleysu! Hvers konar ruglumbull er þetta? Hlustið nú vel.



4. þáttur – í hellinum

Ljósið slokknar yfir barnaherberginu og færist yfir á hellinn.

Upplestur:

Stekkjastaur kom fyrstur,
stinnur eins og tré.
Hann laumaðist í fjárhúsin
og lék á bóndans fé.

Hann vildi sjúga ærnar,
– þá varð þeim ekki um sel,
því greyið hafði staurfætur,
– það gekk nú ekki vel.

(Stekkjastaur kemur skálmandi inn í hellinn og sest hjá Grýlu og Leppalúða.)

Leppalúði:

Jæja, Stauri minn, hvernig hefur gengið hjá þér í dag?

Stekkjastaur:

(Fýlulega) Á hverju ári ætla ég sko að ná að fá mér mjólk úr þessum rolludruslum en ég get það aldrei! Þetta er ópolandi!

Grýla:

Já, það er vegna þess að þú trassar alltaf að teygja. Þú verður að teygja, annars verðurðu alltaf svona stírður. *(Grýla gerir nokkrar teygjuæfingar á meðan hún segir þetta.)*

Stekkjastaur:

Það er bara svo leiðinlegt! *(Stendur upp og gerir nokkrar ýktar teygjuæfingar.)* Og svo er ég ekkert liðugri eftir þetta. Sjáiði bara! *(Stíkar um hellinn nokkur skref og sest að lokum flötum beinum á gólfíð og andvarpar, með hönd undir kinn.)*

Upplestur:

Giljagaur var annar,
með gráa hausinn sinn.
– Hann skreið ofan úr gili
og skaust í fjósið inn.

Hann faldi sig í básunum
og froðunni stal,
meðan fjósakonan átti
við fjósamanninn tal.

(Giljagaur kemur inn í hellinn með látum og dettur um eitthvað drasl á gólfinu.)

Grýla:

Jæja, kemur gaurinn. Alltaf sömu lætin í þér, væni minn. Svona, fáðu þér nú sæti og leyfðu mér að þurrka þér um munninn. Þú ert orðinn allt of gamall til að vera alltaf með mjólkurskegg! (*Grýla hrækir hraustlega í tusku og þvær Giljagaur um munninn.*)

Giljagaur:

(*Í vælutóni.*) Æi mamma, hættu, þetta er vont! Láttu mig vera! Ég er ekkert smábarn, ég get vel þurrkað mér um munninn sjálfur!

Stekkjastaur:

Hvar varstu eiginlega? Ég var að leita að þér uppi í gili. Ég ætlaði að fá þig til að koma að keppa í staurakasti.

Giljagaur:

Ég var í fjósinu hérna á bænum í dalnum hinum megin við gilið. Þessi vinnuhjú þarna eru svo mikið kærustupar að maður getur alltaf stolist í mjólkina þegar þau eru búin að mjólka, þau eru bara upptekin við að kitla hvort annað og kyssast. Algjörir bjánar. (*Hristir höfuðið hneykslaður.*) Í dag náði ég að drekka næstum allt úr fötunni áður en þau urðu vör við mig.

Leppalúði:

Mikið er ánægjulegt að heyra það, sonur sæll. Ég er reglulega stoltur af þér. (*Slær stórkalla-lega í öxl Giljagaurs.*)

Upplestur:

Stúfur hét sá þriðji,
stubburinn sá.
Hann krækti sér í pönnu,
þegar kostur var á.

Hann hljóp með hana í burtu
og hirti agnirnar,
sem brunnu stundum fastar
við barminn hér og þar.

Sá fjórði, Þvörusleikir,
var fjarskalega mjór.
Og ósköp varð hann glaður,
þegar eldabuskan fór.

Þá þaut hann eins og elding
og þvöruna greip,
og hélt með báðum höndum,
því hún var stundum sleip.

(*Stúfur og Þvörusleikir koma inn í hellinn.*)

Stúfur:

(Strýkur magann og dæsir af vellíðan.) Sælt veri fólkið. Ja, nú er ég saddur, jedúddamía! Ég er búinn að éta svo mikið af viðbrenndum mat að ég stand á blístri. Svakaleg heppni hvað konan á bænum er lélegur kokkur! Brennir bara allt við! En ég skil ekki hvers vegna ég stækka ekkert, ég ét og ét og er alltaf jafn pínulítill. Algjör stúfur.

Pvörusleikir:

Ég var nú ekki alveg svona heppinn. Eldabuskan ætlaði aldrei að fara út úr eldhúsinu þar sem ég var og það voru svoleiðis farnar að gaula í mér garnirnar að ég hélt hún myndi finna mig! En svo fór hún sem betur fer á kamarinn og þá náði ég þvörunni, namminamm (*sleikir* út um). Það var skúffukökudeig á henni.

Leppalúði:

Þið hugsið ekki um annað en mat! Jæja, það er eins gott að þið eruð ekki svangir því hún mamma ykkar er að elda eitthvað svakalega vont núna. Finniði bara lyktina af þessu, oj bara!

Grýla:

(Skekur fingurinn að Leppalúða ógnandi.) Þegi þú, lúðinn þinn! Þú getur bara sjálfur eldað oní þetta lið! *(Við Pvörusleiki og Stúf.)* Ekki standa þarna eins og þvörun, setjist þið nú strákar mínir og verið ekkert að hlusta á þessa föðurómynd ykkar. Hann er bara bjáni!

Upplestur:

Sá fimmti, Pottaskefill,
var skrítið kuldastrá.
– Þegar börnin fengu skófir
hann barði dyrnar á.

Þau ruku' upp til að gá að
hvort gestur væri á ferð.
Þá flýtti'ann sér að pottinum
og fékk sér góðan verð.

Sá sjötti, Askasleikir,
var alveg dæmalaus. –
Hann fram undan rúmunum
rak sinn ljóta haus.

Þegar fólkið setti askana
fyrir kött og hund,
hann slunginn var að ná þeim
og sleikja á ýmsa lund.

(Pottaskefill kemur inn í hellinn og fær sér sæti hjá hinum.)

Pottaskefill:

(Hlær hjartanlega.) Hahahaha, þið hefðuð átt að sjá hvernig ég plataði krakkana! Ég bankaði á útidyrhurðina og þau komu þjótandi út í dyr og þá skaust ég inn um gluggann og át gómsætar skófirnar sem þau voru að borða. Vá, hvað ég hlakka til að gera þetta aftur einhvern tímann! En aumingja Askasleikir, hann hímdi enn undir rúmi alveg að kafna úr ryki, þegar ég fór.

(Askasleikir kemur inn.)

Pottaskefill:

Nei, þarna ertu þá! Ég hélt þú værir kannski bara fastur undir rúminu!

Askasleikir:

Vá maður, ég var að kafna þarna undir þessu rúmi! Og svo var fullur koppur af hlandi alveg við nefið á mér, ojbara! Ég held að það hafi slest smá piss á mig *(grettir sig)*. En mér tókst að krækja mér í tvo aska sem ég sleikti allt úr alveg upp til agna.



5. Þáttur – í barnaherberginu

Ljosið fer af hellinum og barnaherbergið lýsist upp.

Stelpan:

Oj bara! Af hverju var koppur fullur af pissi undir rúmi?

Strákurinn:

Af því að það var ekkert klósett í gamla daga!

Amma:

Já, og það var svo kalt til dæmis á nóttunni að fólk vildi ekki fara út til að pissa og þess vegna hafði það kopp undir rúmi til að pissa í á nóttunni.

Afi:

(Stekkur upp og smellir fingrum.) Það minnir mig á það! Vissuð þið að ég kann frönsku?
(Setur sig í stellingar, baðar út höndunum og þylur gormæltur.) Allabaddarííí fransííí, koppurundirrúmi tilaðpissarííí!

Strákurinn og stelpan:

(Líta hvort á annað og svo með aðdáun á afa sinn.) Vá, afi kann frönsku!

Amma:

Bullið í þér maður! Haltu nú áfram með söguna og hættu þessu þvaðri. Þú varst kominn að Hurðaskelli.

(Krakkarnir koma sér betur fyrir í rúminu og halda áfram að hlusta.)



6. þáttur – í hellinum

Ljósið slokknar yfir barnaherberginu og kviknar yfir hellinum.

Upplestur:

Sjöundi var (*Hér heyrir ógurlegur hurðaskellur og upplesarinn hættir að lesa snöggvast en byrjar svo aftur.*)

Sjöundi var sem sagt Hurðaskellir,
– sá var nokkuð klúr,
ef fólkíð vildi í rökkrinu
fá sér væran dúr.

Hann var ekki sérlega
hnugginn yfir því,
þó harkalega marraði
hjörunum í.

Hurðaskellir:

(*Skellir hurð hátt og snjallt og hrópar svo.*) Hæhæ! Ég er kominn heim! (*Kemur inn fyrir og fær sér sæti hjá hinum.*) Vitiði það að ég held að útihurðin hjá okkur sé að brotna í sundur. Ég ætla aðeins að gá að því betur (*býst til að standa upp*).

Allir hinir í hellinum:

Ó nei! (*Sá sem situr næst Hurðarskelli stoppar hann af og Hurðarskellir sest aftur, fúll.*)

Upplestur:

Skyrjarmur, sá áttundi,
var skelfilegt naut.
Hann hlemminn o‘n af sánnum
með hnefanum braut.

Svo hámaði hann í sig
og yfir matnum gein,
uns hann stóð á blístri
og stundi og hrein.

Níundi var Bjúgnakrækir,
brögðóttur og snar.
Hann hentist upp á rjáfrin
og hnuplaði þar.

Á eldhúsbita sat hann
í sóti og reyk
og át þar hangið bjúga,
sem engan sveik.

(Skrjarmur og Bjúgnakrækir koma inn í hellinn, annar með tóma skyrdós og skyr um allt andlit en hinn með umbúðir utan af bjúgum upp í sér.)

Skrjarmur:

Hvernig geturðu étið þessi bjúgu, maður! Ég skil bara ekki jólasveina sem éta kjöt, hvað þá unnið kjöt! Hugsaðu þér hvað blessað skyrið er miklu hollara og bragðbetra!

Bjúgnakrækir:

Já, en ég er með mjólkuróþol! Þú veist að ég þoli ekki mjólk, ég steypist allur út í útbrotum ef ég ét mjólkurvörur. Auk þess eru það bara stælar í þér að vilja ekki kjöt!

Grýla:

Svona, hættið nú að rífast! Það er alltaf sama sagan með ykkur fyrir hver jól! Rífast um hvort er hollara að éta bjúgu eða skyr. Skammist þið bara í sætin ykkar og steinþegið þið! *(Þeir fara sneypulegir í sætin sín.)*

Leppalúði:

(Litur upp.) Hvað var þetta? Er einhver hér fyrir utan? Er einhver dóni að kíkja hér inn um gluggann hjá okkur! *(Hin í hellinum skima öll í áttina að glugganum til að reyna að sjá eitthvað og upplestarinn byrjar að lesa.)*

Upplestur:

Tíundi var Gluggagægir,
grályndur mann,
sem laumaðist á skjáinn
og leit inn um hann.

Ef eitthvað var þar inni
álitlegt að sjá,
hann oftast nær seinna
í það reyndi að ná.

(Gluggagægir kemur inn með poka með þýfi.)

Pottaskefill:

Ertu nú aftur búinn að stela einhverju? Þú endar í fangelsi með þessu áframhaldi. *(Snýr sér að Grýlu.)* Mamma, ég dauðskammast mín fyrir þennan þjóf!

Leppalúði:

Hvaða hvaða, engin læti þó strákurinn hnupli lítilræði hér og þar. Það er bara eðlilegt hjá strák á þessum aldri. Skoðum hvað hann er með. Svona Gluggagægir, sýndu okkur hvað er í pokanum.

Gluggagægir:

Já, sjáiði þetta. Ég rakst alveg óvart á þetta þegar ég var að gægjast inn um stofugluggann á

bænum. Ég bara stóðst ekki mátið, mig hefur alltaf langað í svona! (*Dregur einhvern ómerki-
legan hlut upp úr pökunum.*)

Allir í hellinum:

(*Með aðdáun.*) Váááá! (*Gluggagægir sest.*)

Upplestur:

Ellefti var Gáttapefur,
– aldrei fékk sá kvef,
og hafði þó svo hlálegt
og heljarstórt nef.

Hann ilm af laufabrauði
upp á heiðar fann,
og léttur, eins og reykur,
á lyktina rann.

(*Gáttapefur kemur inn í hellinn þefandi í allar áttir.*)

Gáttapefur:

Jahérna! Hver pissaði í sig eiginlega? (*Gengur að Askasleiki og þefar af honum.*) Óttaleg
pissufýla er af þér maður! (*Þefar áfram út í loftið og staðnæmist við Stekkjastaur.*) Og þú þarft
sko að fara að skipta um sokka! Þvílík táfýla!

Stekkjastaur:

(*Í kvörtunartóni.*) Já, en ég á bara svo erfitt með að beygja mig! Ég get eiginlega ekki skipt
um sokka. (*Reynir að teygja sig í sokkana sína en er of stíður.*)

Grýla:

Hættu þessu væli Stekkjastaur! Þú átt bara að teygja! (*Stendur upp og gerir teygjuæfingar.*)
Teygja, teygja, teygja! Ég er alltaf að segja það!

Upplestur:

Ketkrókur, sá tólfti,
kunni á ýmsu lag. –
Hann þrammaði í sveitina
á Þorláksmessudag.

Hann krækti sér í tutlu,
þegar kostur var á.
En stundum reyndist stuttur
stauturinn hans þá.

(*Ketkrókur kemur inn veifandi kótiletu.*)

Ketkrókur:

Jæja, blessuð öll sömul. Þið ættuð bara að vita hvað ég lenti í miklu basli í dag! Viljiði heyra?

Allir í hellinum:

Nei, ómögulega!

Ketkrókur:

Huh! Ég ætla nú að segja ykkur það samt! Það er alveg ótrúlegt hversu margir nú til dags eru orðnir grænmetisætur! Ég þurfti að fara á *sjö staði* áður en ég fann smá kjötflís! (*Lyftir kótiletunni upp.*) Með þessu áframhaldi þá lifi ég ekki næstu jól af! Þetta er skelfilegt ástand í heiminum bara. Hann Kertasníkir er heppinn. Allir eiga kerti, líka grænmetisæturnar!

Upplestur:

Þrettándi var Kertasníkir,
– þá var tíðin köld,
ef ekki kom hann síðastur
á aðfangadagskvöld.

Hann elti litlu börnin,
sem brostu glöð og fín,
og trítluðu um bæinn
með tólgarkertin sín.

(*Kertasníkir kemur inn í hellinn og heldur á logandi kerti, skælbrosandi.*)

Kertasníkir:

(*Æstur, eins og hann hafi uppgötvað eitthvað stórkostlegt.*) Ég get svo svarið það! Þetta er ilmkeri! Finnið þið lyktina? (*Otar kertinu að hinum í hellinum sem hörfa skelfd undan, nema Gáttapefur sem þefar af ákafa.*) Ég man nú þá tíð þegar kertin voru bæði lyktarlaus og litlaus. Nú er gaman að lifa! Kerti í öllum regnbogans litum og með alls konar lykt. (*Dreymandi, horfir út í salinn.*) Það eru til kerti með kanililmi, karrýlykt, aspaskerti, kerti með rósailmi, hvítlauksangan eða vanillu-, jasmín og passmín og ...

(*Upplesari ræskir sig og grípur fram í fyrir Kertasníki.*)

Upplesari:

Fyrirgefðu, Kertasníkir, getum við fengið að ljúka þessu hérna?

Kertasníkir:

Ha? Já, auðvitað, auðvitað! (*Dálítið móðgaður.*) Ég bið forláts. Gjörðu svo vel, haltu áfram.

Upplestur:

Á sjálfa jólanóttina,
– sagan hermir frá, –
á strák sínum þeir sátu
og stórðu ljósin á.

**Hér kvikna jólaseriur fremst á sviðinu og allir í hellinum horfa hrifnir á.
Ganga svo hljóðlega í gegnum salinn og út í halarófu þegar næsta erindi er lesið.**

Svo tíndust þeir í burtu,
– það tók þá frost og snjór.
Á þrettándaðnum síðasti
sveinsstaulinn fór.



7. þáttur – í barnaherberginu

Ljosið slökknar yfir hellinum og kviknar yfir barnaherberginu. Börnin eru sofnuð en amma og afi breiða betur yfir þau og læðast síðan frá sofandi börnunum fram á sviðið og fara með síðustu vísuna saman.

Amma og afi:

Fyrir löngu á fjöllunum
er fennt í þeirra slóð.
– En minningarnar breytast
í myndir og ljóð.

Ljosið slökknar.

ENDIR



Hagnýtar uppástungur varðandi uppsetningu leikritsins

Ekkert mælir á móti því að barnaherbergið sé stofa ef auðveldara er að nálgast sófa og aðra leikmuni fyrir stofu en svefnherbergi.

Einhvers konar skilrúm þarf að vera á milli sviðshelminganna en það þarf ekki að vera hátt, aðeins nóg til að afmarka greinilega sviðsmyndirnar tvær.

Mikilvægt er að **upplestrarar** sjáist. Best er að koma þeim fyrir úti í enda öðrum megin fyrir framan sviðið með hátt borð, hljóðnema og leslampa þannig að þeir sjái vel textann, sjáist sjálfir og heyrast vel í þeim. Ef fleiri en einn lesari er þarf að gera ráð fyrir sætum fyrir þá sem ekki eru að lesa hverju sinni. Hægt er að syngja vísurnar í stað þess að lesa upp, þá er notað lagið við „Tíu litlir negrastrákar.“ Ef þessi leið er farin er nauðsynlegt að sjáist vel í söngvarana, ekkert síður en ef upplestrarar eru.

E.t.v. má mála glugga, málverk, hillur eða annað fyrir leikmyndina, t.d. í barnaherberginu. **Leikmyndahönnuðir** sjá um slíkt. Þeir gætu líka séð um að búa til kótilettu fyrir Ketkrók, tröllumjólkurfernu fyrir Grýlu o.fl. sem þarf að nota.

Í helli jólasveinanna á að vera draslaralegt um að litast. Gott er að láta nemendur safna umbúðum af kexi, mjólk, brauðpokum, dósnum, pökkum undan morgunkorni, stökum og götöttum sokkum og fleiru sem til fellur á heimilum en það þarf að sjálfsögðu að gæta þess að allt sé hreinsað vel áður en komið er með það í skólann. Ekki er ráðlegt að vera með sultukrukkur eða annað úr gleri. Því meira drasl, því betra. Þessu er dreift um gólfíð í jólasveinahellinum. Annað en sæti fyrir jólasveinafjölskylduna þarf ekki af húsmunum í hellinn. Gott er að nota öfugar ruslafötur eða skúringafötur sem sæti fyrir jólasveinana.

Í hellinum sitja Grýla og Leppalúði saman. Fyrir framan þau er pottur með sleif upp úr á einhvers konar hlóðum á gólfinu. Annars er bara drasl, eins og áður kemur fram.

Sviðsmenn sjá um að koma öllu á sinn stað á sviðinu svo ekkert vanti. Best er að hafa lista yfir það hvað á að vera á hvorum helmingi sviðsins og teikna jafnvel upp staðsetningu leikmunanna.

Leikmunaverðir halda utan um smádót (s.s. bækur í barnaherbergið, drasl jólasveinanna) sem á að vera á sviðinu og koma því fyrir þar sem við á. Gott að gera lista hér líka svo ekkert gleymist.

A.m.k. 2 ljós þurfa að vera á sviðinu (fyrir utan lesljós), þ.e. til að lýsa upp hvort sinn helming af því. Hægt er að nota standlampa með sterkum perum ef ekki er úr öðru að velja. **Ljósa- maður** þarf að stjórna lýsingunni á réttum tíma og sjá um jólaseríuna í lok leikritsins.

Hljóðmaður þarf að hafa umsjón með hljóðnema hjá upplesurum og sjá um að kveikja á jóla- tónlist í upphafi leikrits og lækka/slökkva síðan.

Eins og sést hér fyrir ofan er að mörgu að huga og mörg hlutverk eru fyrir nemendur fyrir utan leikhlutverkin sjálf. Leikmunaverðir, ljósamenn, hljóðmenn, sviðsmenn; allt eru þetta nauðsynleg hlutverk til að allt gangi snurðulaust fyrir sig. Fleiri svipuðum hlutverkum er hægt að útdeila til nemenda, allt eftir fjölda þeirra sem koma að uppsetningu leikritsins og öðrum aðstæðum hverju sinni:

Förðun

Amman fær kinnalit og varalit – hugsanlega meik, teiknaðar hrukkur á enni og við augu með augnblýanti.

Afinn fær líka hrukkur, hugsanlega kinnalit sömuleiðis.

Jólasveinarnir fá kakóskít í andlitið, e.t.v. rauðan kinnalit líka.

Gáttapefur fær vel af rauðum/bleikum kinnalit eða varalit á nefið.

Grýla og Leppalúði fá kakóskít í andlitið og á handleggi, auk þess að vera með hrukkur og skemmdar tennur, hvort tveggja teiknað með augnblýanti.

Förðunarmeistarar þurfa að passa upp á það efni sem þeir eiga að nota við förðunina, hvort sem það er kakó eða varalitur.

Búningar

Jólasveinarnir reyna sjálfir að útvega það sem þeir eiga að vera í. Margir skólar eiga eitthvað af fötum og leikmunum sem notuð eru í leikrit og hægt er að nýta fyrir ömmuna og afann.

Strákurinn og stelpa koma með eigin náttföt. Þeir sem sjá um búningana þurfa að hafa niðurskrifað í hverju hver á að klæðast og fylgjast með því að allt sé eins og á að vera á æfingum og fyrir sýningu. Ef eitthvað þarf að sauma þá sér **búningafólkið** um það. Dæmi um það sem gæti þurft að sauma eru fötin á Grýlu og Leppalúða; grófar mussur, ermalausar, saumaðar saman með grófum saumi, gat fyrir höfuð og hendur, stórar ljótar batur á víð og dreif. Svona gæti listi yfir búninga (og e.t.v. leikmuni) fyrir hvern leikara litið út:

Jólasveinarnir

Lopapeysa.

Jólasveinahúfa.

Svört gúmmístígvél eða stórir og þykkir ullarsokkar.

Stórir ullarvettlingar hangandi niður úr ermum lopapeysanna, hægt að næla í.

Snæri bundið um mittið.

Allir skítugir í framan – nota kakó til að maka á þá, ekki of mikið þó.

Sumir jólasveinarnir eru með eitthvað sem minnir á það hverjir þeir eru, Kertasníkir með kerti, Bjúgnakrækir með bjúga o.s.frv.

Grýla og Leppalúði

Ljót og stór fót, helst úr strigapokum sem búið er að sauma batur á.

Þykkir og stórir lopasokkar með bandi um kálfana.

Stórar lopahúfur/úfnar og miklar hárkollur.

Skítug í framan og um hendur.

Skemmdar tennur – hægt að lita á framtennurnar með svörtum eða brúnum augnblýanti – það ætti að endast a.m.k. eina sýningu.

Amma

Ömmulegur kjóll eða pils og blússa.

Háhælaðir skór.

Slæða um hálsinn eða áberandi hálsmen.

Afi

Skyrta og bindi.

Svartar eða brúnar jakkafatabuxur.

Fínir herraskór.

Strákur og stelpa

Litrík náttföt.

Bangsar.

Kynnir/kynnar

Semja leikskrá og dreifa á sýningunni.

Semja kynningu sem þeir lesa/fara með áður en leikritið byrjar.

Aðstoðarleikstjóri

Er kennara/kennurum til aðstoðar við leikstjórn og nýtist einnig í að sendast til að ná í hluti sem hafa e.t.v. gleymst og fleira þess háttar.

Það sem talið er upp af hlutverkum hér að framan, fyrir utan sjálf leikhlutverkin, er hægt að nýta þar sem það á við. Þegar leikritið var sett upp í fyrsta skipti komu tveir sjöttu bekkir að því, 29 nemendur alls, og á þennan hátt fengu allir hlutverk sem þeir voru sáttir við.